

4552409



# HÚNAFJÖRÐUR VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI  
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2408  
KT. 540588-2829 - VSK. nr. 59022

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEVITIÐ	
Ski. d.	10.7.2
Tenk.	
14. JÚLÍ 2008	
Ábm.	HG
SL.R.	06040152

14/07/2008

Sjávarútvegs- og  
landbúnaðarráðuneytið  
BYGGÐAKVÓTI 2007/2008  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Hvammstanga 14. júlí 2008

Efni: Reglugerð nr. 605/2008, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíarinni  
2007/2008

Á fundi byggðaráðs Húnafjörðurs vestra í dag 14. júlí 2008 var fjallað um úthlutun byggðakvóta fiskveiðíarsins 2007/2008 með tilvísun í bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dagsettu 27. júní 2008. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram, að vilji sveitarstjórn leggja til að sjávarútvegsráðherra setji sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í tilteknim byggðalögum skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytissins eigi síðar en 14. júlí n.k. Á fundi byggðaráðs í dag 14. júlí 2008 var samþykkt að senda ráðuneytinu neðangreindar tillögur, breytingar/viðauka, Húnafjörður vestra við ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008.

## Húnafjörður vestra

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- Byggðakvóta Húnafjörðurs vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 719/2007 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnafloa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 605/2008 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarthæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðumarárin eru 3 síðustu fiskveiðíár nú 2004/2005, 2005/2006 og 2006/2007.
- Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður.

Jafnframt óskar Byggðaráð Húnafjörðurs vestra eftir því við Sjávarútvegsráðherra að hann veiti undanþágu á 6. gr. reglugerðar nr. 605/2008 um vinnsluskyldu byggðakvótans. Rökstuðningur, eingöngu er rækjuvinnsla í byggðalaginu, en engin bolfiskvinnsla

Viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 605 er felast í tillögum Húnafjörðurs vestra eru að mestu leiti eins og sérákvæði Húnafjörðurs vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðíarinni 2006/2007. Hvað a lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðíar, aðeins hlutfalli milli skiptingar vegna löndunar báta og jafnt milli báta hefur verið breytt, rökstuðningur úthlutun byggðakvóta til Húnafjörðurs vestra er vegna skerðingar í veiðum og vinnslu á rækju. Hvað b lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l.

fiskveiðiár. Tillaga um að aftengja hámarksúthlutun 15 þorskígildistönn til einstakra fiskiskipa/báta er rökstudd með því að annars verður því ekki viðkomið að úthluta öllum byggðakvótanum.

Tillögum Húnapings vestra hvað varðar skiptingu byggðakvóta fiskveiðiársins 2007/2008, er hér með komið á framfæri.

fr. SVEITARSTJÓRA HÚNAPINGS VESTRA

Guðrún Ragnarsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.